

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1608
komudagur 15.2.2013

Reykjavík, 13.02.2013
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda, 35. mál

Að beiðni nefndasviðs Alþingis hefur Landsvirkjun fjallað um tillögu til þingsályktunar um skilgreiningu auðlinda, þingskjal 35, 35. mál, sem lagt hefur verið fyrir á 141. löggjafarþingi 2012 – 2013.

Þingsályktunartillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að fá færustu sérfræðinga á sviði auðlindaréttar til að semja frumvarp sem skilgreinir með tæmandi hætti hvað flokkast til auðlinda hér á landi og hverjar auðlindir Íslands eru.“

Landsvirkjun telur að meiri þörf sé á almennri stefnumörkun um skilyrði til nýtingar auðlinda hér á landi eftir því hvers eðlis þær eru og til hvers þær eru nýttar fremur en að reyna að skilgreina þær með upptalningu og flokkun. Ólíklegt er jafnframt að unnt sé að setja fram slíkan tæmandi lista enda geta álitæfnin í þessu efni verið mörg og afar matskennd. Meiri þörf er á stefnumörkun og samræmingu á reglum um nýtingu og að þess sé gætt að svipaðar reglur gildi um samskonar auðlindir.

Virðingarfyllt



Hörður Arnarson
forstjóri